

Skýrsla sóknarnefndar Grafarvogssóknar

Starfsárið 2016-2017

Sóknarnefnd Grafarvogssóknar hefur fundað reglulega frá síðasta aðalfundi en hún hittist fyrsta þriðjudag hvers mánaðar frá september til júní. Tekið var hlé í júlí, ágúst og desember.

Á milli funda sóknarnefndar fundar framkvæmdanefnd, en í framkvæmdanefndinni starfa formaður sóknarnefndar, Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, gjaldkeri, Valmundur I. Pálsson, ritari Ágúst Victorsson og sóknarprestur sr. Guðrún Karls Helgudóttir. Auk reglulegra funda fara fjölmargir tölvupóstar og símtöl milli nefndarmeðlima í viku hverri.

Starfsárið 2016-2017 hófst með fögnuði en á sjómannadaginn, 5. Júní 2016, var sr. Guðrún Karls Helgudóttir sett í embætti sóknarprests af prófasti Reykjavíkurprófastdæmis eystra, sr. Gísla Jónassyni.

Um miðjan júlí var kjörnefnd Grafarvogssóknar kölluð saman í fyrsta sinn til að kjósa fjórða prest safnaðarins. Kjörnefndin, sem skipuð er að 29 aðalmönnum og 11 varamönnum var kosin á aðalfundi Grafarvogssafnaðar 2016. Á þessum fyrsta fundi var farið yfir þau gögn er lágu til grundvallar auglýsingu á prestsembættinu auk þess sem samþykkt var að notast við matsnefnd til að meta hæfi umsækjenda. Einnig var ákveðið að formaður sóknarnefndar yrði áheyrnarfulltrúi á fundum matsnefndar. Alls sóttu tíu prestar og guðfræðingar um stöðuna og matsnefnd kom saman í ágúst og tók viðtal við alla umsækjendur. Matsnefndin skilaði fimm nöfnum áfram til kjörnefndar sem kom aftur saman tvisvar í september, í fyrra skiptið til að undirbúa viðtöl við umsækjendur og í það seinna til að taka viðtöl og kjósa prest. Grétar Halldór Gunnarsson guðfræðingur var á seinni fundinum kjörinn prestur og staðfesti biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir kjörið og setti sr. Gísli Jónasson, sr. Grétar í embætti í janúar 2017. Grafarvogssókn var fyrsta sóknin sem fór í gegnum nýtt ferli við ráðningu presta þar sem notast var við bæði matsnefnd og kjörnefnd.

Framkvæmdir við kirkjuna voru í lágmarki, málaðar voru skrifstofur sóknarprests og fjórða prestsins og nýjir sófar keyptir í báðar skrifstofur. Einnig var skipt um ljósaperur á aðalhæð. Á vormánuðum 2017 var farið í útboð á hljóðkerfi kirkjunnar en það er komið til ára sinna. Niðurstöður útboðsins munu liggja fyrir á næstu vikum.

Hreyfing er komin á orgelmál en organistar kirkjunnar heimsóttu orgelsmiðinn Scheifert í byrjun árs 2017. Leist þeim vel á þau orgel sem smíðuð hafa verið nýlega af Scheifert. Orgelsjóðurinn hefur verið á bankabók í Landsbankanum sl. ár en samþykkt var af sóknarnefnd að færa hann yfir í Evrur á gjaldeyrisreikningi í nokkrum skömmtum.

Rýmið sem Borgarbókasafnið var í á neðri hæðum kirkjunnar er enn autt og að mestu leiti ónotað. Vox Populi hefur nýtt húsnæðið til æfinga, safnaðarfélagið hefur boðið upp á biblíumat í húsnæðinu og kjörnefndin fundaði þar sl. haust. Tveir fasteignasalar hafa húsnæðið á skrá sér í þeirri von að hægt verði að leigja út húsnæðið.

Á þessum aðalfundi ganga úr sóknarnefndinni fimm aðilar og hafa þeir flestir starfað í sókninni lengi. Þetta eru Anna Stefánsdóttir, Elísa Kristmannsdóttir, Ingvar Haraldsson, Jón G. Hauksson og Sigurður J. Kristinsson. Allt þetta fólk hefur verið öflugir sjálfboðaliðar og unnið ötullega að uppbyggingu Grafarvogssafnaðar og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra framlag.

Verð ég þó að fá að þakka Sigurði J. Kristinssyni sérstaklega fyrir sitt framlag, hann hefur starfað í sóknarnefnd frá upphafi og var formaður bygginganefndar kirkjunnar.

Fyrir hönd sóknarnefndar vil ég þakka prestum safnaðarins, organistum, æskulýðsfulltrúum og öðrum starfsmönnum Grafarvogssóknar samstarfið sl. ár og við hlökkum til samstarfsins á komandi starfsári.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir
formaður sóknarnefndar Grafarvogssafnaðar